# Fjölbreytileikavikan 2025

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

4.-10. april 2025

Sveitarfélagið Hornafjörður fagnar fjölbreytileikanum!
Á hverju ári leggjum við áherslu á mismunandi þætti fjölbreytileika s.s. hinseginleikinn, menningarlega fjölbreytni, fjölbreytni mannlífsins o.s.frv.
Í ár leggjum við áherslu á tengsl fjölbreytileika og farsældar.
Fjölbreytt samfélag þar sem allir fá notið sín er sterkt samfélag.
Tökum höndum saman og fögnuðum fjölbreytileikanum!

## Dagskrá - drög

### Föstudagurinn 4.apríl

UNICEF veitir Sveitarfélaginu Hornafirði viðurkenningu sem Barnvænt Sveitarfélag. Móttaka í Nýheimum kl. 12:30.

### Mánudagurinn 7. apríl

Skólaþing í Grunnskóla Hornafjarðar
Þingmenn mæta á svæðið.
Okkar Heimur verður á svæðinu með kynningu fyrir almenning

### Þriðjudagurinn 8. apríl

Okkar Heimur með kynningu fyrir 7.-10. bekk í Grunnskóla Hornafjarðar.
Eftir hádegi verður Okkar heimur með fræðslu fyrir fagaðila og starsfólk sveitarfélagsins

### Miðvikudagurinn 9. apríl

Farsældarútan verður á svæðinu og býður upp á fræðslu

## Menningarmiðstöðin

Menningarmiðstöð Hornafjarðar fagnar fjölbreytileikanum með ljósmyndatöku á gestum bókasafnsins líkt og síðustu ár.
Myndirnar munu prýða veggi Nýheima í framhaldinu.
Komið endilega í myndatöku og sýnið hvað við erum falleg, fjölbreytt og FRÁBÆR

## Okkar Heimur - stuðningsúrræði

Okkar Heimur er stuðningsúrræði fyrir börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda. Verkefnið er ætlað að efla fræðslu og umræðu um geðheilsu, bæði meðal fagfólks og almennings. Markmið fræðslunnar er að efla stuðning við börn sem búa við geðröskun á heimilum, auka skilning starfsfólks og samfélagsins í heild og opna umræðu um málefni sem snertir flestar fjölskyldur á einn eða annan hátt.

Með því að opna á samtal um geðheilbrigði og áhrif þess á börn og fjölskyldur er lagður grunnur að betri aðstæðum fyrir öll börn og þar með okkur öll.

## Málum regnbogastíginn

Við stefnum að því að mála Regnbogastíginn okkar í fjölbreytileikavikunni.
Söfnumst saman þar og höfum gaman, málum og grillum pylsur!
Dagsetning valin þegar nær dregur og hægt að lesa í veðurspá.

